

## **Samþykkt um innleiðingu menntastefnu - gæði og innihald náms**

Sjötta þing KÍ haldið 1. - 4. apríl 2014 skorar á menntamálayfirvöld að ljúka þeirri vinnu sem hófst með lagasetningu um skólastarf og menntun kennara fyrir hart nær sex árum og nýjum aðalnámskrám árið 2011. Þá voru stigin mikilvæg skref við að tryggja samræmi og samhæfa skólastarf með sameiginlegri menntastefnu fyrir öll skólastig. Það er knýjandi að þessari vinnu ljúki sem fyrst og að öllum nemendum bjóðist innihaldsríkt og fjölbreytt nám við hæfi sem ekki verði rýrt að inntaki frá því sem nú er. Til að verkefnið takist vel þarf markvissa stefnu og samstillt átak allra. Kennarar og skólastjórnendur þurfa hvatningu og stuðning við þá sérfræðingsvinnu sem innleiðingin krefst og skapa þarf skólunum tækifæri til að útfæra aðalnámskrár miðað við aðstæður á hverjum stað. Þingið skorar á ríki og sveitarfélög að leggja til stóraukið fjármagn til að kennarar og skólastjórnendur geti innleitt menntastefnuna svo að metnaðarfullum markmiðum hennar um að nemendum bjóðist fjölbreytt og gott nám við hæfi náist.

Þingið leggur áherslu á að frumvarp til laga um tónlistarskóla verði lagt fram á alþingi og fái afgreiðslu sem allra fyrst þannig að til verði heilsteypt löggjöf um tónlistarskólastigið eins og önnur skólastig.